

# Hvað er hagfræði?

2001 fyrir Seðlabanka Íslands og finna má á ensku á heimasiðu bankans.

Ísland er mjög háð viðskiptum við önnur lönd og Evrópusambandið er okkar stærsti viðskiptaaðili. Aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu hefur gjörbreytt aðstæðum okkar á viðskiptasviðinu og knýr okkur til gagngeyrar endurskoðunar á hagstjórn landsins. Ísland tekur eins og önnur lönd virkan þatt í hnattvæðingunni og á meðan við erum að finna okkar takt í þeim dansi getur ýmislegt farið úrskeiðis, sérstaklega ef menn vilja dansa hratt. Af þessum ástæðum er í bökinni lögð meiri áhersla á utanríkisviðskipti og kynningu á eðli og starfsemi Evrópusambandsins og Evrópska efnahagssvæðisins en yfirleitt er gert í byrjendakennslubókum.

Góð kennslubók ætti helst að vekja a.m.k. jafn margar spurningar hjá lesandanum og hún reynir að svara. Þeg yona að þessi bók geri það og opni jafnframt nýjar leiðir til frekara náms og skilnings. Hagfræðin er afskaplega margbrotin og skemmtileg grein og vonandi getur þessi bók glætt áhuga einhverra á henni. Ef bókin reynist sæmilega læsileg ber helst að þakka það öllum mínum góðu og skemmtilegu nemendum. Þeir hafa kennit mér mikil og verið mér endalausir gleðigjafar.

Hagfræðinni sjálfrí vil ég svo að síðustu þakka allar okkar ánægju- og gleðistundir í næri 40 ár.

Reykjavík, í júni 2008  
Þórunn Klemenzdóttir

Hagfræði er félagsvísdagrein en svo kallast allar þær vísdagreinar sem á einn eða annan hátt fjalla um manninn sem hluta af samfélagini. Áðrar þekktar félagsvísdagreinar eru félagsfræði, stjórnmálafræði, mannfræði og félagsálfraði. Hagfræðin fjallar um manninn í baráttu sinni við að afla sér lífsviðurveris og að bæta sinn hag miðað við þær menningarlegu og efnahagslegu aðstæður sem hann býr við. Viðfangsefni hagfræðinnar er fyrst og fremst að leita allra tiltækra leiða við að ráða fram úr því sameiginlega verkefni allra mannlegra samfélaga að sjá sér og sínun farborða eins vel og kostur er.

Í góðri bók stendur skrifsað að maðurinn lífi ekki á braudinu einu saman og fáir efast um sannleiksgildi þeirrar fullyðingar. Og vist er að án fæðis, klæða og húsaskjóls gætum við ekki lifað lengi hér á landi.

Hagfræðin fjallar fyrst og fremst um braudið eða með öðrum örðum um efnahagslegar blíðar tilveru okkar á jörðinni. Þessar efnahagslegu blíðar mannlífsins köllum við einu nafni efnahagsmál. Hagfræðin getur því hvorki verið né má verða einangráð sérsvið hagfræðinga. Efnahagsleg afkoma okkar er allt of mikilvægar hluti lífsins til þess að svo megi verða. Rannsóknir og visindaleg umfjöllun um hagfræði er að sjálfsögðu eingöngu á færi hagfræðinga. En vegna mikilvegis efnahagslífsins fyrir lífskjör okkar og velferð alla er almenningi nauðsynlegt að kunna nokkur skil á grundvallaratriðum hagfræðinnar, svo og þeim markmiðum sem stjórnmalamenn setja sér í efnahagsmálum og tiltækum leiðum að þeim.

Það má líkja hagfræðikunnáttu almenningars við nauðsynlega þekkingu okkar á smíðum og viðgerðum á venjulegu heimili. Þó að við getum fæst byggð hús okkar frá grunni eins og vel menntaður og reyndur trésmiður, þá þurfum við öll að kunna

Hvað er líkt með hagfræði og trésmið?

að nota hamar til þess að geta hengt upp myndir og gert við það sem aflaga fer heima hjá okkur. Við þurfum líka að kunna að handleika skrúfjárn og lesa leiðbeiningar svo að við getum komið Ikea-húsgögnum saman nokkurn veginn slysalaust. Sumar fjölskyldur kaupa sér ósamsett garðhús í byggingarvörumerlumum eða smiða sér glæsilega sólpalla í garðinum. Stundum tekst þetta býsna vel en stundum enda þessar tilraupir með ósköpum.

**Við þurfum að geta myndað okkur sjálfsæðar skoðanir á efnahagsmálum.**

Stjórnámamenn og fjölmíðlamenn hér á landi fjalla nér daglega um efnahagsmál af miklum áhuga og krafti þó að fæstir þeirra hafi nokkurn tímamann notið mikillar tilsvagnar í hagfræði. Með góðri aðstoð og lestri tekst þeim stundum þokkalega upp en oft fer efnahagsumfjöllun þeirra gjörsamlega út um víðan völl. Þeir minna oft á dugmiklar íslenskar fjölskyldur sem kaupa sér íbúð tilbúna undir trúverk og ætla síðan að vinna allt verkið sjálfar án nokkurrar utanaðkomandi aðstoðar frá fagmönnum. Í fjölmíðlaviðtolum komast stjórnámamenn stundum upp með að telja þjóðinni trú um alls konar vitleysur um efnahagsmál einfaldlega vegna þess að fréttamaðurinn hefur ekki nægja þekkingu til að spryja réttu spurninganna og stjórnámamáðurinn annaðhvort veit ekki betur eða kemst jafnvel upp með ósannindi. Þeim fer því eins og sumum hugumstórum Íslendingum sem lesa ekki leiðbeiningarnar frá Ikea fyrr en bókahillan er drottin ofan á þá. Hagfræðin er ekki meðfædd vitneskjá frekar en aðrar greinar sem krefjast einhverrar sérþekkingar. Þeir sem um hana fjalla þurfa að afla sér þekkingar rétt eins og menn verða að læra trésmíði og pípulagnir eigi verkið að vera farsællega af hölmi leyst.

Allir í nútímalýðræðisþjóðfélagi þurfa að kunna skil á hugtökum eins og verðtryggingu, skattleysismörkum, lifeyrissparnadi og kaupmaðtti. Þetta eru hugtök sem dynja á eyrum almennings, ekki sist þegar kjarasamningar standa fyrir dysrum.

Þegar Seðlabankinn tilkynnir vaxtabreytingar sínar eða gengi krónunnar breytist er líka gott að skilja hugtök eins og stýrivexti, peningamálastefnu, verðbólguvetingar og gengisvístölu. Það að almenningur skilji eðli og tilgang efnahagsaðgerða stjórnvalda kallast gagnsæi og þetta gagnsæi er talid mikilvægt, a.m.k. í upplystum lýðræðissamfélögum. Þessi skilningur almennings á eðli efnahagsaðgerðanna er oft talin forsenda þess að aðgerðir

stjórnvalda geti skilað tilæluðum árangri. En þótt þekking á hagfræðihugtökum sé góð byrjun dugar hún skammt ef við viljum skilja efnahagslega umræðu í fjölmíðlum eða á vettvangi stjórnvaldanna. Við þurfum líka að þekkja ætluð tengsl, t.d. stýrivaxta og verðbólgu. Ef vextirnir eiga að ná niður verðbólgunni, þá væri gott að vita hvernig það gerist, hversu langan tíma það tekur og ekki síst hvaða aukaverkanir geta verið því samfara. Fróðlegt væri til dæmis að vita hvaða áhrif vaxtahækkanir hafa á lántókur fyrirtækjum í hagkerfi sem býr við frjálsa fjármagnsflutninga og hvað það þýðir eiginlega. Eru einhverjar aukaverkanir sem fylgja aðgerðum stjórnvalda sem sjáldan er minnst á? Valda vaxtahækkanir e.t.v. atvinnuleysi, greiðsluerfiðleikum, gjaldþróutum eða verri lífsskjörum og ef svo er, er þá hegt að leggja mat á þessa erfiðleika? Hvað kostar eitt prósent vaxtahækkuunum okkur reiknuð í þeim neikvaða þáttum sem af henni hljótast og hversu mikil gæti hún lækkað verðbólguna og hvenær gerist það? Okkur þarf að vera kunnugt um aukaverkanirnar af vaxtahækkuuninni og hversu alvarlegar þær eru, annars getum við ekki vitað hvort tiltekin vaxtahækkuun svarar kostnaði.

Almenningi er stundum talin trú um að skattahækkanir, vaxtahækkanir, lægra eða harra gengi krónunnar, hátt verð á landbúnaðarvörum eða aukið atvinnuleysi séu einhvers konar náttúruöfl sem hann þurfi að sætta sig við og að þetta séu jafnvel fornir sem nauðsynlegt sé að færa. Kaupmáttarskerðingar og vaxtahækkanir eru taldar tímabundin nauðsyn til að tryggja stöðugleika. Hér baetist við enn eitt hugtak, hinn svokallaði efnahagslegi stöðugleiki.

Til að gera almenningi enn erfidara fyrir við að átta sig á efnahagsumræðunni bætist við sú staðreyni að margir sem um efnahagsmál fjalla starfa fyrir mismunandi hagsmunasamtök og umfjöllunin einkennist því oft af hagsmunum viðkomandi hóps eða stofnunar. Forsvarsmenn andstæðra hópa túlka efnahagslegan veruleika út frá ólíkum sjónarmiðum og hagsmunum. Nægir hér að nefna atvinnurekendur og launþega, ríkisstjórn og stjórnarandstöðu, neytendasamtök og framleiðendur eða seljendur voru, olíufelögini og Félag íslenskra bifreiðaeigenda, náttúruverndarsinna og talsmenn orkufreks iðnaðar.

**Ölikir hagsmunir mismunandi hópa.**

Á hverjum degi tekur allur aímenningur, stjórnendur fyrirtækja og opinberir aðilar bæði hjá ríki og sveitarfélögum stórar og smær efnahagslegar ákvæðanir. Þessar ákvæðanir sem virðast oft afar persónulegar, snerta ekki einungis efnahag og aðstæður þess sem þær tekur, heldur hafa þær oftar en ekki áhrif á hag margra annarra í þjóðfélaginu. Hvers eðlis þessar efnahagslegu ákvæðanir eru og hvaða efnahagsleg vandamál menn glima við hverju sinni fer eftir aldri, fjöldustærð, eignum, skuldum, tekjum og utgjöldum hvers og eins.

Menn spyrja sig á degi hverjum spurninga sem snerta efnahagsmál. Ætti eg að fara í bíó í kvölk eða ætti ég að nota peninginn til að kaupa mér heitan mat í hádeginu á morgun? Hvað á ég að hafa í matinn í kvöld – pítsu, hamborgara eða fisk?

Hvað þarf eg að borga fyrir að nota yfirdráttarheimildina á debetkortinu minu? Hvað kostar mig að nota debet- eða kreditkort þegar allt hefur verið reiknað? Ætti eg að kaupa mér nýja tóluvá á rádgreiðslum? Hvað er þessi hagvöxtur eiginlega? Af hverju hækkar Seðlabankinn vexlina í þenslu? Hvað er þensla?

Að eg að reka bil eða ferðast með strætó? Fæ eg einhverja vinnu í þeiri grein sem mig dreymir um að leggja stund á? Ætti eg að kaupa mér ibúð eða á ég að leigja á meðan á námi stendur – eða á ég kannski bara að reyna að þrauka áfram heima hjá henni mómmu? Hvaða vinnu skyldi ég fá næsta sumar þegar skólinn er búinn? Er betra að flytja til annarra landa með börnin? Hvað með námslánin – hvað býðir eiginlega verðtryggt lán með fóstum vöxtum? Hvad með húsnaðislánin, get eg keypt mér ibúð í framtíðini? Orsakast verðbólgan bara af launahækjunum? Hvað ræður gengi krónunnar? Hvað þarf eg að leggja mikil fyrir í hverjum mánuði til að tryggja mér góð lífskjör þegar ég fer á eftirlaun? Hverniq get eg best látið enda ná saman?

Hagfræðin getur hjálpað okkur að finna svör við flestum þessum spurningum og mörgum fleiri sem við spyrjum okkur um efnahagsmál einhvern tímann á lífslíðinni. Fiskvinnslufolk, rithófundar, kennarar, snyrtifraðingar, professorar í félagsfræði, bílstjórar og verkamenn þurfa allir að sjá sér og sinum farborða. En það er einmitt meginvíðlangsefin hagfræðinnar hvernig við gerum það best.

#### Mótsagnakennd umræða um efnahagsmál vegna ólíkra hagsmuna.

Þótt opinber umræða um efnahagsmál sé oft mótsagnakennd og ruglingsleg er hún stórv hluti af lífi okkar því að það er einmitt þessi umræða sem mótar skoðanir okkar á því hver sé rétt stefna stjórnvalda í efnahagsmálum, hver sé rétt stefna í launamálum, hver sé rétt stefna þjóðarinnar þegar kemur að viðskiptum hennar við önnur lönd eða hvernig bregðast skuli við ríkjandi markaðsaðstaðum, svo að örfla dæmi séu nefnd.

Í hvert skipti sem við opnum dagblað eða hlustum á fréttir í útvarpi eða sjónvarpi rekumst við á fréttir eða umræður um mál-efni sem snerta á einhvern hátt efnahagslegar hliðar mannlífsins.

#### Stjórnmálaumræða og efnahagsmál

Stjórmálamenn tala mikil um efnahagsmál. Þeir útskýra fyrir okkur orsakir hinna ýmsu sjúkdóma sem herja á þjóðarlíkamann eins og orsakir verðbólgunnar og eðli atvinnuleysisins. Þeir eru samt sjaldnast sammála um eðli og orsakir þessara sjúkdóma. Sumir stjórmálamenn segja að verðbólgan stafi af of miklum launahækjunum, aðrir segja að hún stafi af lækkandi gengi krónunnar og enn aðrir segja að auknar erlendar lántökur og almenn þensla í hagkerfinu sé orsók verðbólgunnar. Stjórnarandstaðan segir e.t.v. að halli á ríkissjóði sé helsta orsók verðbólgunnar og þetta sé því allt saman ríkisstjórninni að kenna, hún nái engum tökum á hagstjórninni.

Sumir stjórmálamenn eru á móti einkavæðingu en aðrir vilja meiri einkarekstur, sumir vilja hækka vexti en aðrir vilja láta lekkti þá.

Hagfræðingarnir eru heldur ekki sammála um orsakir og eðli efnahagsvandans né heldur hvernig bregðast skuli við einstökum vandamálum í efnahagslífini. Pólitísk umræða nú á dögum snýst að miklu leyti um efnahagsmál. Þetta er ekki endilega æskileg þróun. En almenningur sem vill geta myndað sér sjálfstæðar skoðanir á því sem efst er á baugi í stjórnálumunum hverju sinni þarf að skilja þau hugtök og hugmyndir eða kennningar sem hagfræðir byggir á. Upplýst umræða og frjáls skoðanamynndun er almennt talin ein meginforseenda lýðraðisins. Það má því til sanns vegar fá að í okkar þjóðfélagi sé lágmarksþekking á helstu hugtökum hagfræðinnar og tengslunum milli helstu þjóðhagsstaða forsenda fyrir virkri þátttöku almennings í umræðum um þjóðfélagsmál. Vilji menn auka lýðræðið í landinu þá þurfum við líka að auka almenna þekkingu á hagfræði.

Margir hagfræðingar starfa við að stjórn og reka fyrirtækji í eigu einkaðila. Aðrir eru að stórfum hjá hinu opinbera, t.d. í ráðuneytum, í Seðlabanknum, hjá Hagstofunu eða sveitarfélögum. Enn aðrir starfa hjá Neytendasamtökunum, verkalýðs-hreyfingunni eða hjá einhverjum hinna fjölmörgu samtaka atvinnulífsins. Enn aðrir eru að stórfum hjá lifeyrissjóðum, tryggingarsfélögum eða hjá fjármálastofnum í eigu einkaðila. Nokkrir kenna í háskóum og framhaldsskóum, aðrir starfa



Halli á ríkissjóði  
merkir að útgjöld  
eru meiri  
en telkjurnar.

Hvar starfa þeir sem  
hafa lært hagfræði?

hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands eða vinna á fjölmíðum. Hagfræðingar koma víð á vinnumarkaði.

### Hver er munurinn á þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði?

Hagfræðinni er skipt í rekstrarhagfræði og þjóðhagfræði. Rekstrarhagfræðin er hagfræði smærri eininga hagkerfisins. Hún fjallar um rekstur fyrirtækja og stofnana, eins og nafnið gefur til kynna, en verksvið hennar er samt miklu viðtækara. Hún fjallar t.d. um verð á ólu og bensíni, um framboð og eftirspurn, einstök laun, ólikar tegundir fyrirtækja og mismunandi rekstrarumhverfi þeirra. Markaðurinn þar sem fyrirtækjð selur vörur sínar og þjónustu einkennist ýmist af samkeppni, einokun, tvíkeppni, fákeppni eða ófullkominni samkeppni. Þetta ólíka rekstrarumhverfi sem fyrirtækin búa við kallast einu nafni markaðsaðstæður og þegar fyrirtækin framleiða og selja framleiðslu sína við ólíkar aðstæður hefur það áhrif á hegðun þeirra, tekjur, verð, gróða og framleiðslumagn.

Þjóðhagfræðin fjallar á hinn bóginn um samtölurnar í hagkerfinu, eða um svokallaðar þjóðhagsstærðir. Hér er ekki fjallað um verð á einstakri vöru eins og í rekstrarhagfræðinni, heldur um almennt verðlag, þ.e. verð á öllum þeim vörum og þjónustu sem þjóðin eyðir sinum tekjum til kaupa á. Hækkun á þessu almenna verðlagi á tólf mánaða tímaðili er einmitt það sem við þekkjum betur undir nafninu verðbólga. Þjóðhagfræðin fjallar m.a. um verðbólguna, hagvöxtinn, þjóðarframleiðsluna, atvinnuleysið, sparnaðinn, fjárfestinguna, útgjöld ríkisins, skatta, innflutning, útflutning, viðskiptajöfnuninn, peningamagnið og gengi krónunnar. Allar þessar stærðir og margar fleiri kallast einu nafni þjóðhagsstærðir.

### Læra allir hagfræðingar það sama?

Viðskiptafræðingar leggja fyrst og fremst stund á rekstrarhagfræði því að þeir ætla að helga sig rekstri og stjórnun fyrirtækja. Þeir læra greinar eins og reikningshald (þólfærslu og greiningu rekstrar- og efnahagsreikninga) og alls konar aðrar greinar sem snúa að rekstrarumhverfi fyrirtækjanna. Þeir stunda markaðsrannsóknir og rannsóknir á öllum smærri einingum hagkerfisins, t.d. verðmyndun á einstökum mörkuðum o.s.frv. Hagfræðingar hafa lært að kljást við verðbólguna og atvinnuleysið og eiga að

vita meira en aðrir um hagvöxt, viðskiptahalla og gengi krónunnar. Þeir sérhæfa sig flestir á ákveðnu svíði hagfræðinnar, t.d. í vinnumarkaðshagfræði, opinberum fjármálum eða alþjóðahagfræði. Hagfræðingar stunda rannsóknir á hagkerfinu óllu í þeim tilgangi að grafast fyrir um eðli þess og tengsl hinna ólíku þjóðhagsstærða. Þeir hafa t.d. lært að stjórna hagkerfinu og að beita til þess svokölluðum hagstjórnartækjum.

**Verkefni**

- 1** Hvað er hagfræði?
- 2** Hver eru meginviðfangsefni hagfræðinna?
- 3** Hvers vegna er þörf fyrir hagfræði?
- 4** Hvers vegna er gagnlegt að kunna skil á helstu hugtökum hagfræðinna og tengslum helstu þjóðhagsstærða þó að menn hyggi ekki endilega á frekara nám í hagfræði eða viðskiptafræði?
- 5** Hver er meginmunurinn á þjóðhagfræði og rekstrarhagfræði?
- 6** Hvaða störfum gegna hagfræðingar?
- 7** Hvers vegna túlka ólikir aðilar efnahagsástandið og nauðsyn ólikra efnahagsráðstafana á mismunandi hátt? Útskýrðu svar þitt með raunverulegu dæmi úr íslensku efnahagslifi.
- 8** Almenningur hættir að kaupa godstrykki og sælgæti og tekur upp heilsusamiegri lífnaðarhætti. Við göngum og hjólum í skólanum eða vinnuna í stað þess að nota einkabilinn og kaupum okkur hollan mat í hádeginu eða höfum með okkur gott nesti. Hvaða áhrif hefur þetta á íslenskt atvinnu- og efnahagslíf bæði til skamms tíma og einnig þegar til lengri tíma er litid?
- 10** Hvers vegna snýst umræðan um stjórmál aðallega um efnahagsmál?

# Hvernig verða tekjurnar til?

2

Hagfræðin fjallar eins og áður sagði um það hvernig við sjáum okkur farborða. Til að geta lisað sómasamlegu lífi, eins og það er stundum kallað, þurfum við að geta greitt fyrir afnot af húsnæði og fett okkur og klætt. Auk þess þurfum við að greiða fyrir hita og rafmagn, og greiða þarf leikskólagjöld og borga símaréikninga, skólagjöld, skólabaetur, lyfjakostnað og annan kostnað vegna heilbrigðisþjónustu. Enn er ótalinn rekstur og kaup á bifreiði, en sá útgjaldalíður vegur þyngra í útgjöldum íslenskra heimila en maturinn.

Á mynd 2.1 sjáum við hvernig neyslan skiptist hlutfallslega á árunum 2004–2006.<sup>1</sup> Neysla er orð sem hagfræðin notar yfir eyðslu eða útgjöld heimilanna í landinu.

Til þess að geta greitt allt þetta þurfum við að afla tekna. En hvað eru tekjur? Talað er um heildartekjur. Þá er átt við allar tekjur sem aflað er fyrir skatta og önnur gjöld sem atvinnurekendur eða fjármálastofnanir eiga lögum samkvæmt að halda eftir af tekjunum okkar. Það sem eftir er kallast ráðstöfunartekjur.

Heildartekjum er skipt í fjóra flokka eftir því hvernig þeirra er aflað. Heildartekjur = launatekjur + leigutekjur + vaxtatekjur + arðgreiðslur

**Launatekjur**

Algengast er að menn aflí sér tekna með því að stunda launavinnu hjá fyrirtæki

**Mynd 2.1** Útgjöld heimilanna árin 2004–2006.



<sup>1</sup> Hagtindindi 2007:7, sísl. 2